REGLUGJÖRÐ

46
30. júlí

um

hreinsun reykháfa í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Sótara skal skipa í Siglufjarðarkaupstað. Bæjarstjórnin skipar sótara og leggur honum til nauðsynleg áhöld á kostnð bæjarsjóðs.

2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa tvisvar á ári. Í fyrra skiftið á tímabilinu 1.—30. apríl og í síðara skiftið á tímabilinu 1.—30. október ár hvert. Allir eigendur húsa í kaupstaðnum skulu skyldir til að nota sótara til hreinsunar og er öllum skylt að heimila honum í því skyni nauðsynlegan aðgang að húsum þeim er þeir búa í. Þó getur bæjarstjórn veitt einstaka húseigendum eða leigjendum leyfi til að hreinsa reykháfa húsa þeirra, er þeir búa í. Reykháfa má ekki hreinsa með því að brenna sótið innan úr þeim.

3. gr.

Aukahreinsuð fari fram þegar umboðsmaður Brunabótafjelags Íslands eða íbúar húsa krefjast þess. Er sótara skylt að framkvæma hreinsun innan 5 daga frá því að hann er krafinn um hreinsun. Ofna eldavjelar og pípur frá þeim, ber íbúum herbergjanna að láta hreinsa eins oft og þörf krefur og er sú hreinsun sótara óviðkomandi.

4. gr.

Sótara er skylt að líta eftir því, þegar hreinsun fer fram, hvort eldstæði og reykháfar eru í því ástandi, sem krafist er í lögum nr. 85, 22. nóv. 1907 og ber að tilkynna það umboðsmanni Brunabótafjelags Íslands ef misbrestur verður á slíku.

5. gr.

Hreinsunargjaldið er 2 kr. fyrir hverja hreinsun fyrir hvern reykháf. Gjaldið má taka lögtaki eftir hverja hreinsun og hvílir á húsunum, sem lögveð á undan öllum veðskuldum. Eigandi húss ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ennfremur leigjandi, ef hann býr einn í húsinu. Gjaldið greiðist sótara nema bæjarstjórn geri á því aðra skipan.

Reglugjörð þessi, sem er samin og samþykt af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóv. 1907, til að öðlast gildi 1. september 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.